


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Lokaverkefni í húsasmíði		
LHÚ104		
Námsáætlun vorönn 2017		

Kennari	Halldór Torfi Torfason	Sk.st.	HTT
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing

Í áfanganum vinna nemendur verkefni sem felur í sér samþættingu þekkingar og færni sem aflað hefur verið í skóla og vinnustað á námstímanum. Áhersla er lögð á skipulagningu, framkvæmd, eftirlit, skráningu og rökstuðning en að öðru leyti er ekki um að ræða fyrirfram ákveðna verkþætti. Kennslan er bæði bókleg og verkleg og er áfanginn eingöngu ætlaður húsasmíðum. Reynt er að hafa verkefni áfangans sem líkust sveinsprófsverkefnum undanfarinna ára.

Áfangamarkmið

Nemandi


- geti undirbúið verkefni sem honum er fengið á eigin spýtur
 - geti unnið verkáætlun og afmörkuð hönnunargögn
 - kunni að búa til efnis- og kostnaðaráætlun
 - geti valið heppileg áhöld og tæki fyrir einstaka verkþætti
 - geti aflað sér upplýsinga um útfærslur, efni, áhöld og tæki
- geti framkvæmt verkefnið sjálfstætt í samræmi við áætlanir
 - fylgi fyrirbyggjandi verkáætlun og hönnunargögnum
 - vinni í samræmi við áætlanir um tíma og kostnað
 - geti unnið í samræmi við lög, reglugerðir og staðla
 - vinni með hliðsjón af gæðakröfum og viðurkenndu verklagi
 - vinni í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað
- geti gert öðrum grein fyrir verkefninu og framkvæmd þess
 - geti rökstutt val á aðferðum, efnum, áhöldum og tækjum
 - geti gert grein fyrir efnisafföllum og frávikum frá kostnaðaráætlun
 - geti lagt mat á verkáætlun og hönnunargögn vegna verksins
 - geti metið gæði verks með hliðsjón af lögum, reglugerðum og stöðlum
 - geti gert grein fyrir notkun og viðhaldi á áhöldum og tækjum

Efnisatriði/kjarnahugtök

Sjálfstæð vinnubrögð, verkefnavinna, skipulagning, gæðamál, öryggismál, áætlanagerð, hönnunargögn, lög, reglugerðir, teikningar, uppdrættir, verklýsingar, upplýsingaöflun, staðlar.

Námsgögn:

Teikningar frá kennara byggðar á sveinsprófum undanfarinna ára.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Lokaverkefni í húsasmíði LHÚ104 Námsáætlun vorönn 2017		

Matsform: <input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni			
Áætlun um yfirferð og námsmat:			
Vika	Námsefni (verklegur hluti)	Skil	Vægi
1	Kynning á verkefnum annarinnar		
1 – 6	TRS102 (sjá námsáætlun)	10. febrúar	
8 – 11	Þakverkefni (mál, hormsperrur, 45°sperrur, kerksperrur, áferð)	13. mars	50% (5x10%)
12 – 17	Vinnutrappa (mál, úrtök, áferð)	27. apríl	30% (3x10%)
1 – 18	Starfseinkunn (framtak, nákvæmni, umgengni, ástundun, framfarir og árangur).		20%
17 - 18	Lokafrágangur á verkefnum, skrásetning og hengslun hurða, undirbúningur fyrir skrif- og verklegt sveinspróf.		
Samtals			100%

Athugið: Með vikunúmerum er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsmat:

Áfanginn er próflaus en öll verkefni verða metin í lok annar. Nemandi getur unnið við verkefni eftir skiladag utan kennslutíma. Við mat á starfseikunn verður horft til framtaks, nákvæmni, umgengni, ástundunar og árangurs.

Dagsetning:

6. janúar 2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils